

Bóka og geistadíska markaður

KJARVAL



...í þinni heimabyggð

<p>20% afsláttur Góða grillborgarar með brauði 4 stk. 548 kr./pk. verð áður 698</p>	<p>35% afsláttur Móa kjúklingabringur 1943 kr./kg verð áður 2989</p>	<p>25% afsláttur Góða álegg Hangjálæg Skóla malakoff Spægipylsa Pepperoni sterkt Skinka Rúllupylsa</p>
---	--	---



Kellogg's Special K, 750g
720 kr./pk.



Allra uppvottatöflur
998 kr./pk.



Meistara kryddkaka
299 kr./stk.



Brazzi epla- og appelsínusafi
109 kr./stk.



Allra klór
189 kr./stk.



Islandskaffi baunir og malað
349 kr./pk.



Frískandi tómatar erlendir
229 kr./kg



Allra besta nammí, bombur og rindlar
339 kr./pk.

KJARVAL

Klaustur: Sími: 487 4616 | Vík: Sími: 487 1325 | Hvotavöllum: Sími: 585 7590 | Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 | Hella: Sími: 585-7585

SJÁ OPNUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Félag Eldri Borgara í Skaftárhreppi

boðar samverustund á Hótel Kirkjubæjarklaustri mánudaginn **15. mars kl. 13:30**

Stjórnin

Augnlæknir á Kirkjubæjarklaustri

Harpa Hauksdóttir augnlæknir verður á Heilsugæslunni á Klaustri **25. - 26. mars n.k.**

Tímamantanir eru á Heilsugæslunni Klaustri í síma **480- 5350.**

Sunnudagaskólinn á Klaustri

Munið eftir sunnudagaskólanum, 14. mars kl. 11.00 í Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar.

Sóknarprestur

Klausturbúar og nærsveitamenn!

Verðum á Kirkjubæjarklaustri dagana **14. - 17. mars 2010**

Pantið tíma í alla almenna snyrtingu
Upplýsingar í síma 861 9181

Heiðís Steinsdóttir snyrtifræðingur og Þórhildur Karlsdóttir fóttaðgerðarfræðingur

Verðum á Skaftárvöllum 2 á Klaustri (geymið auglýsinguna)

SLÓKUNARNUDD MEÐ ILMMEÐFERÐ HLJÓMNUDD * HUI CHUN GONG

Erika I. Pauler, Vík S. 487 1117 GSM 693 5891

Almenningur ekkert veit, allt er á sandi kvikum, af því fögur fyrirheit fara á undan svikum.

Höf: Karl Sigtryggsson

SMÁAUGLÝSINGAR

10. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 10. MARS 2010

Aðalfundur krabbameinsfélags Vestur Skaftafellssýslu

verður haldin í félagsheimilinu á Herjólfstöðum í Álftaveri
mánudaginn 15. mars nk. kl. 20:00



Venjulega aðalfundarstörf

Stjórnin



Aðalfundur Víkurdeildar og grunnnámskeið Rauðakrossins

verður haldið á Halldórskafti
miðvikudaginn 10. mars kl. 19:30

Námskeiðið hefst kl. 19:30. Það er fyrir sjálfboðaliða og aðra sem vilja starfa með félaginu eða kynna sér starfsemi þess. Farið er yfir í stuttu máli sögu, markmið og stefnu Rauða krossins og helstu áherslur í starfi félagsins innanlands og utan.

**Strax að loknu námskeiði verður aðalfundur Víkurdeildar haldinn.
Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf.**

Kaffiveitingar í boði deildarinnar. Allir velkomnir. Sjálboðaliðar og aðrir áhugasamir sérstaklega hvattir til að mæta.

Stjórnin.

Aðalfundur

Aðalfundur Fótspora – félags um sögu og minjar í Skaftárhreppi verður haldinn á
Hótel Laka laugardaginn 20. mars kl. 20.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

Félagið var stofnað sl. haust og telur nú um 60 féлага. Tilgangur þess er að stuðla að varðveislu menningarverðmæta í Skaftárhreppi og eru tvö verkefni þegar í vinnslu. Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir!

Nánari upplýsingar má fá hjá formanni, Ragnari Jónssyni, í s. 893-4781 eða með því að senda póst á netfangið fotspor880@gmail.com

Á vik.is er tengill á Mýrdalssand EHF
sem kominn er með heimasíðu
<http://simnet.is/myrdalssandur/>

“Mýrdalssandur ehf. var stofnaður um mitt ár 2008 með aðsetur í Vík í Mýrdal. Markmið fyrirtækisins er að framleiða sandblásturssand og fleiri afurðir unnar úr sandnámu skammt austan Víkur, bæði fyrir innlendan og erlenda markaði. Okkar helsta markmið er að nýta þær auðlindir sem á svæðinu eru og framleiða hágæða sandblásturssand og skapa um leið aukin atvinnutækifæri í Mýrdalnum”.

Sandblásturssandur

Hér syðst við suðurströndina er að finna besta sandinn til framleiðslu á sandblásturssandi á Íslandi. Sandurinn hentar einstaklega vel til sandblásturs vegna lögunar og styrks. Meginuppistaða samkvæmt berggreiningu er þétt basalt og basaltgler (70-80%). Ransókn á klóríðinni-haldi sýnir að NaCl magn er 0,002% af þurrefni. Varan er 100% náttúrulegt efni

Steinteppi

Í námuni er mikið af sandi með kornastærð yfir 3mm og upp í 10mm sem nýtist vel í svokölluð steinteppi ekki bara vegna styrks heldur líka vegna þess að langmest af þessari kornastærð er með ákaflega rúnað og slétt yfirborð og verður þessi gerð af steinteppi því mun sokkavænni en flest önnur steinteppi þar sem bergsallinn er brotinn niður með vélum sem þýðir hvassari brúnir.

Ýmislegt fleira áhugavert er á heimasíðunni hjá Mýrdalssandi:

Mýrdalssandur ehf. Sunnubraut 21, Vík í Mýrdal. Framkvæmdarstjóri: Jóhann Vignir Hróbjartsson, sími 897-7737

Forstjóri: Páll Tómasson, sími 867-0331

Netfang: myrdalssandur@simnet.is

Á DÖFINNI:

10.03.2010 Í KVÖLD: Aðalfundur og námskeið Víkurdeildar Rauða krossins í Halldórskafti

11.03.2010 Deildarfundur allra deilda í Skaftárhreppi og Örfélagdeildar haldinn að Hótel Kirkjubæjarklaustri kl. 20:30.

17.03.2010 Aðalfundur Landgræðslufélags Skaftárhrepps haldinn á Hótel Kirkjubæjarklaustri miðvikudagskvöldið kl: 21:00

15.02.2010 Aðalfundur krabbameinsfélags Vestur Skaftafellssýslu haldinn á Herjólfstöðum í Álftaveri mánudaginn kl.20:00

13. og 14. 03.2010 Reiðnámskeið að Syðri Fljótum.

15.03.2010 Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!

19.03.2010 heldur áhugahópur um ræktun orkujurta (repju) til olíuframleiðslu fræðslu og upplýsingafund í Félagshimilinu Kirkjuholi kl. 14.00

20.03.2010 Aðalfundur Fótspora – félags um sögu og minjar í Skaftárhreppi haldinn á Hótel Laka kl. 20.

20.03.2010 mun hestamannafélagið Kópur standa fyrir vetrarleikum.

02.04.2010 Föstudaginn langa ætlar hestamannafélagið Kópur að standa fyrir Páskareiditúr

Netverslunin - www.fallegfot.com

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt. **Engin sendingarkostnaður innan Íslands** Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með. Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með

Skaftárhreppur



UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ SKAFTÁRHREPPS

Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI

auglýsir eftir starfsfólki fyrir sumarið 2010:

Umsjónarmaður upplýsingamiðstöðvar, 100% starf.

Leitað er að umsækjanda með menntun eða reynslu á sviði ferðamála og stjórnunar. Góð enskukunnátta er nauðsynleg, fleiri tungumál kostur.

Starfsmaður í upplýsingamiðstöð, 75% starf.

Leitað er að umsækjanda með menntun og reynslu sem nýtist í starfi og góða tungumálakunnáttu.

Launakjör eru samkvæmt samkomulagi og almennum kjarasamningum.

Umsóknarfrestur er til 22. mars 2010.

Umsóknir sendist sveitarstjóra Skaftárhrepps, Klausturvegi 15, 880
Kirkjubæjarklaustri.

Einnig má senda umsóknir á netfangið sveitarstjori@klaustur.is

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Daníelsson, sveitarstjóri,
sími 487 4840.

Spilakvöld.

jæja þá ætlum við að gera aðra tilraun að hafa spilakvöld.

Fjórða og síðasta kvöldið verður á fimmtudaginn 11.mars
á Halldórskaffi kl 20:00.

Eins og ávallt mun allur ágróði renna til Björgunarsveitarinnar Víkverja.

Sjáumst sem flest.

Spilanefnd Kvenfélags Hvammshrepps

Rauða fjallaljónið mitt er til sölu.

Vel með farið MOUNTAIN LION 4 x 4 fjórhjól

400 cc, ekið um 2500 km.

Skráð 2ja manna

Fyrst skráð 08.02. 2007

Ásett verð kr. 370.000. -



Sigurður Hjálmarsson
s. 8690170

TILLAGA AÐ STARFSLEYFI

Kynningarfundur í Nýheimum, 16. mars kl. 17:30

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk, Mýrdalshreppi. Samkvæmt tillögunni verður Mýrdalshreppi heimilt að urða allt að 80 tonn af byggingarúrgangi og seyru á ári en starfsleyfi verður gefið út til sextán ára.

Tillagan, ásamt starfsleyfisumsókn og öðrum fylgiskjöllum, mun liggja frammi til kynningar á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, Vík, til 3. maí 2010 og á vef Umhverfisstofnunar. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Ingvarsson hjá Umhverfisstofnun í síma 591 - 2000.

Athugasemdir við umsókn eða tillögu skulu vera skriflegar og sendar Umhverfisstofnun. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 3. maí. 2010.

**Njótum
umhverfisins
og stöndum
vörð um
það saman**



UMHVERFISSTOFNUN
www.umhverfisstofnun.is



Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!


Vorannarfjarnám 1. stigs almenns hluta þjálfaramenntunar ÍSÍ hefst 15. mars nk.

Námið tekur 8 vikur og gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar.

Námið jafngildir íþróttáfræði 1024 í framhaldsskólakerfinu og er metið sem slíkt. Fjarnámið er öllum opið 16 ára og eldri sem áhuga hafa. Nemendur skila verkefni í hverri viku auk lokaverkefnis og krossprófa.

Skráning er til 12. mars á namskeid@isi.is
eða í síma 514-4000. Þátttökugjald er kr. 24.000.-

Allar frekari uppl. veitir sviðsstjóri fræðslusviðs ÍSÍ
í síma 460-1467 og á vidar@isi.is



Minningarkapella sr. Jóns Steingrímssonar

Fjölskylduguðsþjónusta verður í Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar sunnudaginn 14. mars kl. 14.00.

Fermingarbörn aðstoða við guðsþjónustuna.

Kirkjukór Prestsbakkakirkju og Ásakórinn
leiða söng undir stjórn Brian Roger Haroldssonar organista.

Aðalsafnaðarfundur haldinn að aflokinni guðsþjónustu.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarprestur.

Fræðslufundur um ræktun orkujurta til olíuframleiðslu

Föstudaginn 19. mars kl. 14.00 heldur áhugahópur um ræktun orkujurta (repju) til olíuframleiðslu fræðslu og upplýsingafund í Félagsheimilinu Kirkjuholi á Kirkjubæjarklaustri. Á fundinum verða kynntir möguleikar Íslendinga til að framleiða vistvænt eldsneyti í stórum stíl t.d. á fiskiskipaflotann, flutningatæki landsmanna, og til almennra nota.

Gerð verður grein fyrir stöðu málsins og þeirrar tilraunastarfsemi sem farið hefur fram og verður fram haldið næstu tvö árin.

Rætt verður um möguleika bænda til að taka þátt í verkefninu og auka við framleiðslu og tekjur á sínum búum.

Fundurinn er haldinn í samvinnu við atvinnumálanefnd Skaftárhrepps.

Dagskrá:

1. Fundur settur; Jón Hjartarson, gerir grein fyrir efni fundarins
2. Ávarp; Elín Heiða Valsdóttir, formaður atvinnumálanefndar Skaftárhrepps
3. Jón Bernódusson, staðgengill forstöðumanns rannsókn- og þróunarsviðs Siglingastofnunar Íslands; Umhverfisvænir orkugjafar - framleiðsla á lífdísil úr repju o.fl. sem máið varðar.
4. Ólafur Eggertsson bóndi; Orkujurtir. Ræktun og vinnsla á repju til framleiðslu á vistvænum orkugjafa. Staða verkefnisins - Hvað næst?
5. Almennar umræður og fyrirspurnir
6. Ólafía Jakobsdóttir; samantekt, niðurstöður og fundarslit

Fundarstjóri: Jón Hjartarson
Fundi lýkur ekki síðar en kl 17.00

Atvinnumálanefnd Skaftárhrepps og áhugahópur um ræktun repju til eldsneytisframleiðslu

Reiðnámskeið

Fyrirhugað er að halda reiðnámskeið 13. og 14. mars.

Námskeiðin verða að Syðri Fljótum.
Reiðkennari verður Kristín Lárusdóttir.

Nánari upplýsingar og skráning er hjá Kristínu Lárusdóttir í síma 4874725.
Verið ófeimin við að hringja og fá upplýsingar.
Síðasti skráningardagur er 12.mars.

Er ekki upplagt að mæta á reiðnámskeið til að undirbúa hestinn fyrir tölmót sem hestamannafélagið ætlar að standa fyrir 20. mars ?

Vetrarleikar

Laugardaginn 20. mars mun hestamannafélagið Kópur standa fyrir vetrarleikum.

Staðsetning nánar auglýst síðar. Vetrarleikarnir hefjast kl. 13.00 stundvíslega.
Keppt verður í opnum- barna og unglingsflokki ef næg þátttaka fæst.
Síðasti skráningardagur er föstudagurinn 19.mars kl. 20.00.


Skráning fer fram á hmf.kopur@gmail.com eða hjá
Jón Geir í síma 8655427 eða Kristínu Lár í síma 4874725
Skráningargjald
Kaffisala

Páskareiðtúr

2. apríl, Föstudaginn langa ætlar hestamannafélagið Kópur að standa fyrir Páskareiðtúr.

Lagt verður af stað frá Klárakoti kl. 13.

Minnum á heimasíðu hestamannafélagsins Kóps
en hún er www.hmf-kopur.bloggar.is



Aðalfundur Landgræðslufélags Skaftárhrepps

verður haldinn á Hótel Kirkjubæjarklaustri
miðvikudagskvöldið 17. mars næstkomandi kl: 21:00.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa mun Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri fjalla um það sem efst er á baugi í landgræðslustarfinu.

Dr. Kristín Svavarsdóttir plöntuvistfræðingur flytur erindi er hún nefnir, Gróðurframvinda - hvað kemur hún landgræðslu við? Dæmi af Skeiðarársandi og úr Eldhrauni.

Gústav M. Ásbjörnsson, héraðsfulltrúi fjallar um landgræðsluaðgerðir í Skaftárhreppi.

Kaffiveitingar í boði Landgræðslu ríkisins
Vonumst til að sjá sem flesta
Stjórn Landgræðslufélags Skaftárhrepps



Þeim féll ekki verk úr hendi heimilisfólkinu á Hjallatúni í Vík þegar þau biðu eftir að röðin kæmi að þeim að kjósa sl. miðvikudag.

F.v. Sigrún Ólafsdóttir, Þóra Þorbergsdóttir, Elín Sæmundsdóttir, Guðfinna Ólafsdóttir, Sigríður Karlsdóttir og Baldvin Einarsson. Mynd: Sig. Hjálmarsson.

Fermingar

í Kirkjubæjarklaustursprestakalli árið 2010

Langholtskirkja í Meðallandi.

Pálmasunnudagur, 28. mars, kl. 14.00.

Bjarki Már Skúlason Syðri-Steinsmýri,
880 Kirkjubæjarklaustri

Grafarkirkja í Skaftártungu.

Páskadagur, 4. apríl, kl. 14.00.

Gestur Sigfússon, Borgarfelli, 880 Kirkjubæjarklaustri
Kristján Pálsson, Hvammi, 880 Kirkjubæjarklaustri

Prestsbakkakirkja á Síðu.

Sunnudaginn, 11. apríl, kl. 11.00.

María Björg Þorsteinsdóttir Álfholti 48 220 Hafnarfirði

Pykkvabæjarklausturskirkja í Álftaveri.

Sunnudaginn, 6. júní, kl. 11.00.

Lilja Rós Sigurðardóttir Pykkvabæjarklaustri,
880 Kirkjubæjarklaustri
Elía Bergrós Sigurðardóttir Pykkvabæjarklaustri,
880 Kirkjubæjarklaustri
Adam Brynjar Donoghue Bretlandi

Séra Ingólfur Hartvigsson

Kynningarfundur Rammaáætlunar

Næstkomandi laugardag, 13. mars,
efnir verkefnisstjórn Rammaáætlunar um
vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu
á vatnsafl og jarðhitasvæði til opins kynningarfundar í
Félagsheimilinu Kirkjuhvoll á Kirkjubæjarklaustri kl. 17:00.

Á fundinum
verða niðurstöður
faghópa rammaáætlunar kynntar en þær
verða grundvöllur lokaniðurstöðu verkefnisstjórnar.

Til 19. apríl stendur yfir opið
umsagnarferli þar sem kallað er eftir athuga-
semdum við niðurstöðurnar og mun verkefnisstjórn
hafa umsagnir til hliðsjónar við lokaröðun virkjunarkosta.

Vakin er athygli
á skýrslu verkefnisstjórnar
um niðurstöður faghópanna sem,
ásamt ýmsu ítarefni, liggur á vefsíðu rammaáætlunar
(www.rammaaetlun.is<<http://www.rammaaetlun.is>>)

Verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar





Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands

Mínum á áður auglýstann deildarfund allra deilda í Skaftárhreppi og Örafadeildar sem verður haldinn að Hótel Kirkjubæjarklaustri **fimmtudaginn 11. mars. kl. 20:30.** Hefðbundin störf deildarfundar. Steinþór Skúlason forstjóri mætir á fundinn.

Félagsmenn allra deilda eru hvattir til að mæta.

Deildarstjórar



Þessi biðu líka eftir að kjósa á Hjallatúni, f.v. Baldvin Einarsson, Anna Birna Bráinsdóttir sýslumaður, Kristín Ragnarsdóttir starfsmaður sýslumanns, Sigurbjörg Björnsdóttir og Tryggvi Ólafsson

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS
456. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn mánudaginn 1. mars 2010 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 168. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 11. febrúar 2010.

Fundargerðin samþykkt

2. Fundargerð 169. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 24. febrúar 2010.

Á fundinum var samþykkt deiliskipulag fyrir þjónustusvæði við Sólheimajökul.

Farið var yfir fram komnar athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi sem auglýst var 22. desember 2009. Helstu efnislegar breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á skipulagsgögnum eru að tekið verði undir óskir um fækkun göngu- og reiðleiða, gert verði ráð fyrir að sjóvarnargarður í Víkurfjöru verði nær sjó en sýnt er í auglýstri tillögu og opið svæði til sérstakra nota í Dyrhólaey verði minnkað verulega. Tillögur nefndarinnar að svörum við athugasemdum að öðru leyti liggja fyrir í minnisblaði.

Varðandi tillögu um nýja veglínu um Mýrdal samþykkti meirihluti nefndarinnar að veglínan verði í samræmi við auglýsta tillögu.

Sveinn óskar eftir að 5. liður fundargerðarinnar verði afgreiddur sérstaklega.

Sveitarstjórn samþykkir 1. til og með 4. lið fundargerðarinnar. Elín tekur ekki þátt í umræðu eða afgreiðslu á lið 1.

Sveitarstjórn samþykkir 5. lið fundargerðarinnar, tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 með áorðnum minniháttar breytingum með 3 atkvæðum (ÞJ, EE, KP). Tveir sitja hjá (SH, SP).

Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun skipulagstillöguna til afgreiðslu.

Sveinn og Sif leggja fram bókun:

Við vísum til bókana okkar frá 18. mars og 17. september 2009 og hörmum að í engu skuli vera tekið tillit til umsagna og athugasemda þeirra aðila sem lagst hafa gegn nýrri veglínu um Víkurfjöru og Dyrhólaós og hafa fært fram gild rök máli sínu til stuðnings. Náttúruafarið er auðlind Mýrdæla og við skipulagsvinnu er mikilvægt að samfélagslegir hagsmunir og náttúruvernd séu höfð að leiðarljósi. Í samþykkttri tillögu eru umhverfisleg sjónarmið algerlega virt að vettugi og uppfyllir tillagan því varla markmið skipulagslaga. Við teljum að skynsamlegt hefði verið að fresta skipulagi á svæði sem nær til veglunnar til að líkur væru á að hægt væri að hefja nauðsynlegar framkvæmdir við sjóvarnargarð á næstu mánuðum.

3. Fundargerð 165. fundar fræðslunefndar frá 24. febrúar 2010.

Fundargerðin samþykkt.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og skólastjóra að gera tillögu að viðmiðunarreglum varðandi náms- og ferðakostnað starfsmanna Mýrdalshrepps.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 24. janúar 2010.

Hér með veitir sveitarstjórn Mýrdalshrepps, með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki, Lánasjóði sveitarfélaga heimild til að miðla upplýsingum um lán sveitarfélagsins hjá

lánasjóðnum opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn skuldara, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útlánasafni og starfsemi lánveitenda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitenda s.s. í ársreikningum, árschlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum.

2. Bréf Vodafone dags. 19. febrúar 2010.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps lýsir yfir stuðningi við áform Vodafone um uppsetningu á farsímaloftneti í Dyrhólaey í samræmi við fyrirliggjandi gögn. Með uppsetningu loftnetsins mun farsímasamband batna umtalsvert vestan Reynisfjalls m.a. annars á svæðum þar sem farsímasamband er nú lítið eða ekkert.

III. Málefni til umfjöllunar / afgangi.

1. Jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi drög.

2. Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010.

Kjörskrárstofn lagður fram. Kjörskrárstofn miðast við 13. febrúar 2010. Sveitarstjóra falið að undirrita og ganga frá kjörskrá til framlagningar.

3. Tilfærsla málefna fatlaðra - bréf SASS dags. 15. febrúar 2010.

Óskað er eftir tilnefningu í starfshóp fulltrúa allra aðildarsveitarfélaga SASS sem hafi það hlutverk að gera tillögu að framtíðarskipulagi þjónustu vegna tilfærslu málefna fatlaðra. Sveitarstjóri er skipaður fulltrúi Mýrdalshrepps í starfshópinu.

Sveitarstjórn telur eðlilegt að Suðurland verði eitt þjónustusvæði varðandi málaflokk fatlaðra og leggur til að það verði skoðað sem fyrsti kostur með samþættingu við félagsmál og skólalþjónustu.

4. Net þekkingar milli Markarfljóts og Skeiðarársands - áfangaskýrsla.

Lagt fram til kynningar.

5. Hjallatún - hjólastólalýfta.

Sveitarstjórn samþykkir að endurnýja hjólastólalýftu í samræmi við fyrirliggjandi tilboð. Tekið af lið 31.

6. Veraldarvinir.

Samþykkt að taka á móti einum hópi Veraldarvina á svipuðum forsendum og áður.

7. Sjóvörn.

Fyrir liggja bréf Gísla Danfæls Reynissonar sem barst 22. febrúar, bréf Skipulagsstofnunar dags. 17. febrúar, minnisblað Siglingastofnunar dags. 17. febrúar, bréf Siglingastofnunar dags. 24. febrúar, minnisblað verkfræðistofunnar Mannvits dags. 24. febrúar og minnisblað Siglingastofnunar dags. 1. mars 2010.

Sveitarstjórn samþykkir að í aðalskipulagstillögu sbr. lið I-2 hér að ofan, verði sjóvarnargarður staðsettur á eða framan við núverandi rofbakka í samræmi við tillögur Mannvits. Fram kemur að kostnaðarauki við að byggja garðinn þar í stað þess að byggja hann eftir fyrirliggjandi hugmyndum Siglingastofnunar sé um 12% og að ekki komi fyrr að viðhaldi garðsins. Hins vegar kemur staðsetning skv. tillögu Mannvits til móts við sjónarmið Landgræðslu ríkisins varðandi möguleika á vörnum við sandfoki og önnur umhverfisleg sjónarmið. Með auknu athafnasvæði ofan garðsins og á milli vegar og garðs er hægt að tryggja almenningi og ferðamönnum aðgengi að strandlengjunni en Vík og Víkurfjara eru með fjölsóttari ferðamannastöðum á Íslandi.

8. Hitaveita.

Sveitarstjóri upplýsir að óskað hafi verið tilboða í borun eftir heitu vatni. Tilboð verða opnuð næstkomandi fimmtudag.

9. Sorpurðun - bréf Umhverfisstofnunar dags. 1. febrúar 2010.

Sveitarstjóra falið að sækja um framlengingu á undanþágu á starfsleyfum þar til ný starfsleyfi hafa verið gefin út.

10. Framtíðarfyrirkomulag upplýsingamiðstöðva - bréf SASS dags. 16. febrúar 2010.

Með bréfinu eru kynntar hugmyndir starfshóps ferðamálastjóra sem falið var að móta tillögur um framtíðarfyrirkomulag upplýsingamiðstöðva á Íslandi. Starfshópurinn leggur til að landinu verði skipt upp í 5 svæði og á hverju svæði verði ein til tvær upplýsingamiðstöðvar styrktar af Ferðamálastofu. Suðurland er eitt svæði frá Ölfusi að Höfn og á svæðinu eru skráðar 6 upplýsingamiðstöðvar þar af tvær svokallaðar svæðismiðstöðvar. Athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir upplýsingamiðstöð í Vestur-Skaftafellsýslu, hvorki í Vík né á Kirkjubæjarklaustri þrátt fyrir að í opinberum gögnum liggja fyrir að Vík sé í fjórða sæti yfir fjölsóttustu ferðamannastaði á Íslandi meðal erlendra ferðamanna, með 21% ferðamanna yfir vetrartímam skv. könnun frá 2005 og um 40% yfir sumartímam skv. könnun frá 2007. Mýrdalshreppur hefur rekið upplýsingamiðstöð í fjölmörg ár og á árunum 2002-2005 meðan Upplýsingamiðstöð Suðurlands fylgdist með rekstri upplýsingamiðstöðva á Suðurlandi komu á bilinu 5-6000 gestir í upplýsingamiðstöðina í Vík yfir sumartímam. Nokkuð hefur dregið úr þessum fjölda síðustu árin enda hefur Mýrdalshreppur orðið að takmarka opnunartíma til að draga úr kostnaði en ekki hafa verið tekin gjöld fyrir upplýsingagjöf og reksturinn hvorki notið styrkja fyrirtækja né opinberra aðila annarra en sveitarfélagsins.

Mýrdalshreppur hvetur Ferðamálastjóra

og Ferðamálastofu til að taka tillit til ferðamynsturs ferðamanna og getu sveitarfélaga til að reka upplýsingamiðstöðvar þegar ákvarðanir um rekstarstyrki eru teknar og leggur til að starfhópnum verði falið að endurskoða tillögur sínar.

11. Þriggja ára áætlun 2011-2013, síðari umræða.

Þriggja ára fjárhagsáætlun var til fyrri umræðu 27. janúar sl. Skv. áætluninni er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða verði jákvæð á tímabilinu og styrkist þegar frá líður. Gert er ráð fyrir um 190 millj. kr. fjárfestingu í hitaveitu í Vík á árunum 2011 og 2012 og um 150 millj. kr. lántöku vegna þessa. Gangi áform eftir verður hitaveitan arðbær framkvæmd og svigrúm ætti að verða fyrir frekari fjárfestingar t.d. við leikskóla, hjúkrunarheimili, götur og menn-ingarmál á seinni hluta tímabilsins.

Þriggja ára fjárhagsáætlun samþykkt með 3 atkvæðum (SP, SH, ÞJ). Tveir sitja hjá (EE, KP).

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð 431. fundar stjórnar SASS frá 12. febrúar 2010.

2. Fundargerð 124. fundar heilbrigðisnefndar frá 4. febrúar 2010.

3. Fundargerð 119. fundar stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 15. febrúar 2010.

4. Fundargerð 26. fundar félagsmálanefndar frá 20. janúar 2010.

5. Fundargerð 42. fundar barnaverndarnefndar frá 3. febrúar 2010.

V. Annað kynningarefni

1. Bréf UMFÍ dags. 28. janúar 2010.

2. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 9. febrúar 2010.

3. Bréf Lýðheilsustöðvar dags. 12. febrúar 2010. Fundi slitið kl. 18:07

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Sif Hauksdóttir, Elín Einarasdóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason